


Reykjavík, 2. febrúar 2010

Meðfylgjandi eru athugasemdir landeigenda Skammadalshóls vegna tillagna að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025. Við viljum jafnframt vekja athygli á samhljóða athugasemdum frá Sigurgeiri Jónssyni, dagsettum 25. október 2004 vegna tillagna að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2002-2022.


Ingibjörg J. Gísladóttir

Reykjavík, 2. febrúar 2010

Athugasemdir landeigenda við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 vegna lögbýlisins Skammadalshóls.

Brynkudalur.

Í tillögunni (kafla 2.7) er í Brynkudal við Deildará skilgreindur skógarreitur sem flokkast sem opið svæði til sérstakra nota (OS 25).

Þessari tillögu er formlega mótmælt og farið fram á að hún verði felld niður. Þess í stað óska landeigendur eftir því að umrætt svæði verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði líkt og aðrir hlutar jarðarinnar.

Í greinargerðinni kemur ekki skýrt fram hver tilgangurinn er með þessari aðgreiningu og hvað í þessum ráðahag felst. Ennfremur kemur hvergi fram stærð svæðisins sem ætlað er að skilgreina með þessum hætti. Þá er gerð athugasemd við það að ekkert samráð hefur verið haft við landeigendur varðandi þessa skilgreiningu á hluta jarðarinnar.

Gerð er athugasemd við að í tillögum að aðalskipulagi er ekki að finna skilgreiningu á ástæðum þess að verið er að aðgreina skógræktarsvæði í Brynkudal frá öðrum hlutum jarðarinnar Skammadalshóls. Eins og fram kemur að ofan hefur verið stunduð skógrækt í Brynkudalnum frá árinu 1923. Þegar nýir eigendur tóku við jörðinni árið 1989 var öll jörðin ofan vegar tekin til skógræktar. Góður árangur hefur náðst við trjáræktina og er nú erfitt að aðgreina eitt svæði jarðarinnar frá öðrum. Af þeim sökum er farið fram á það að öll jörðin verði skilgreind sem ein heild.

Skógræktarfélag Mýrdælinga hefur haft hluta dalsins og brúnirnar yfir honum að vestan til afnota skv. samningi, sem gildir til ársins 2035. Þar við hliðina er sérstakur afmarkaður skógarreitur "Einarlundur", sem fyrri eigendur jarðarinnar nýttu til gróðursetningar.


Í dalnum er skilgreind og afmörkuð lóð fyrir frístundahús, sem greidd eru gjöld af til hreppsins. Aðstæður hafa nýlega breyst hjá landeigendum og koma fleiri að málum. Þetta svæði hentar einkum vel til slíkrar notkunar og er sumarhús handan árinna. Ekki er útilokað að lóðin verði nýtt til byggingar slíks frístundahúss. Þessi skilgreining á svæðinu þrengir verulega að slíkri nýtingu. Hins vegar fellur slík notkun vel að skilgreiningu landbúnaðarsvæðis samkvæmt flokkun Skipulagsstofnunar.

Loks hafa landeigendur í Skammadal og á Giljum rætt um að virkja fallið í Deildará ofan í Brynkudal til raforkuframleiðslu með tilheyrandi mannvirkjagerð í Brynkudal, eins og gert er ráð fyrir í kafla 7.0. þar sem fjallað er um landnotkun.


Með tilliti til þess sem að ofan greinir og athugasemda sem gerðar voru við skipulag sem kynnt var á árinu 2004 krefst eigandi Skammadalshóls þess að vera laus við allar takmarkanir á landnýtingu í Brynkudal, sem er umtalsverður hluti af landi Skammadalshóls og/eða auknum umferðarétti óviðkomandi um dalinn frá því, sem er eða hefur verið og að hann verði ekki skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota, enda er ljóst, að allar slíkar takmarkanir geta rýrt notagildi og verðmæti jarðarinnar. Jafnframt er þess krafist að afmarkaðri lóð fyrir frístundahús verði gerð sömu skil á kortum og öðrum frístundahúslóðum í hreppnum. Loks er þess krafist að hverfisvernd (kafla 2.1.2) verði skýrt takmörkuð við hina upphaflegu gróðrarstöð Umf. Kjartans Ólafssonar frá 1923.


Önnur atriði

1. Á kortum virðist ræktað land Skammadalshóls sunnan þjóðveggar vera sýnt minna er það er í reynd og er óskað eftir því, að þetta verði athugað.
2. Vakin er athygli á því, að á skipulagsupprætti (landnotkun) virðist NMS 709 ná yfir mest allt land Skammadalshóls og Skammadals frá þjóðvegi upp á brúnir í stað Skammadalaskamba og Sjónaraxlar í texta. Óskað er eftir því, að þetta verði leiðrétt á upprættinum í samráði við Umhverfisstofnun.


Ingibjörg J. Gísladóttir


Guðbjörg Sigurgeirsdóttir


Jón Þ. Sigurgeirsson


Gísli Sigurgeirsson